

Ed. 826. Frumvarp til laga [222. mál]

um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 2. apríl.)

Samhljóða þskj. 691 með þessum breytingum:

46. gr. hljóðar svo:

Heimilt er landnámsstjórn með samþykki landbúnaðarráðherra að kaupa einstakar jarðir eða jarðarhluta, þar með talin eyðibýli, ef hún telur það nauðsynlegt til þess að koma betra skipulagi á byggðina og tryggja ábúð jarða. Þessa heimild skal þó því aðeins nota, að öll stjórnin sé sammála, enda verði gert ráð fyrir, að jarðir séu auglýstar til sölu og ábúðar og seldar aftur einstaklingum eða sveitarfélögum á kostnaðarverði.

62. gr. hljóðar svo:

Til þeirra viðfangsefna, sem talin eru í 61. gr., svo og rekstrarkostnaðar Landnáms ríkisins skal veita fé á fjárlögum. Landnámsstjórn skal gera áætlun um framlög þessi. Á árinu 1972 leggur ríkissjóður fram eigi minni fjárhæð en 53.3 milljónir króna, þar af ekki minna en 7.5 milljónir króna til græn fóðurverksmiðja.

Heimilt er landnámsstjóra, í samráði við landbúnaðarráðherra, að flytja upphæðir á milli liða, eftir verkefnum.

75. gr. hljóðar svo:

Ríkisendurskoðunin endurskoðar reikninga Landnáms ríkisins. Reikningar skulu sendir landbúnaðarráðherra og lagðir fyrir landbúnaðarnefndir Alþingis ár hvert.